



Upplýsingar  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**LAXNESSÝNING, ORÐUVEITING  
OG  
MÓTTAKA FYRIR ERLENDA SENDIHERRA**

Þriðjudaginn 17. júní kl. 13:00 mun forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson opna í Þjóðmenningarhúsinu sýningu á ljósmyndum úr fórum Halldórs Laxness sem nefnist Síðbúin sýn.

Kl. 14:30 mun forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæma nokkra Íslendinga hina íslensku fálkaorðu. Athöfnin fer fram á Bessastöðum. Fjölmiðlum er heimiluð myndataka við lok athafnarinnar þegar orðuhafar hafa tekið við orðunni. Áætluð myndataka yrði því um kl. 14:50.

Einnig munu forsetahjónin taka á móti erlendum sendiherrum sem staddir eru hér á landi í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga. Móttakan hefst kl 16:00. Ljósmyndurum er heimilt að vera við upphaf móttökunnar.

Ljósmyndurum er góðfúslega bent á að um hátíðlegar athafnir er að ræða og taka tillit til þess í klæðaburði.

16. júní 2008